

11. Fundur Stjórnar Beint frá Býli haldin í Borgarnesi 20.01.2015

Mættir eru allir aðalmenn, Guðmundur Jón Guðmundsson, Heidi Laubert Andersen og Þorgrímur Einar Guðbjartsson, sem ritaði fundargerð. Einnig sátu fundinn varamenn, Jóhanna B. Þorvaldsdóttir og Hanna Kjartansdóttir.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Eftirfarandi var tekið fyrir og fært til bókar:

- 1 Samskipti við matvælastofnun. Stjórn Beint frá býli fól Málflutningsstofu Reykjavíkur að senda Matvælastofnun og Landbúnaðarráðuneyti erindi vegna ýmissa vafamála sem upp hafa komið í samskiptum aðila innan vébanda Beint frá býli og Matvælastofnunar. Með málið fyrir hönd félagsins fer Hjördís Birna Hjartardóttir hjá Málflutningsstofu Reykjavíkur og sendi hún erindi fyrir hönd félagsins dagsett 18. nóvember 2014. Svar barst frá Matvælastofnun dagsett 13. janúar 2015, þar sem fram kemur að svarið er unnið í samráði við Landbúnaðarráðuneytið og sé því sameiginlegt svar þeirra stofnanna við bréfi Beint frá býli frá 18.11.2014. Hjördís mætir á fundinn í símaviðtali: Fórum yfir bréfið frá Mast, þar sem hún hefur sent okkur samantekt við spurningunum. Hjördís mun gera uppkast að svarbréfi til Mast.
- 2 Námskeið á vegum Prómat fyrir heimavinnsluaðila um kröfur sem gerðar eru til matvælaframleiðenda. Tilboð hefur borist frá Prómat um að selja Beint frá býli námskeið fyrir allt að 18 þátttakendur. Stjórn samþykkir að kaupa og er formanni falið að vera í sambandi við forráðamenn Prómat um framkvæmd og tímasetningu.
- 3 Aðalfundur 2015. Stefnt að því að halda aðalfundinn í nágrenni Akureyri og miða við að geta haft námskeiðið á sama tíma. Formanni falið að koma með tillögu að staðsetningu og fundartíma.
- 4 Önnur mál:

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl 17:40

Þorgrímur Einar Guðbjartsson, ritari

Guðmundur Jón Guðmundsson

Heidi Laubert Andersen

Jóhanna B. Þorvaldsdóttir

Hanna Kjartansdóttir